

Alþingi
Samgöngunefnd

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018

Við gerð þessarar umsagnar er einnig vísað til umsagnar samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir hönd Fjórðungssambandsins um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010.

Vegaáætlun

Fjórðungssamband Vestfirðinga fagnar því að á áætlunartímabilinu sér loks fyrir enda flestra þeirra verkefna sem áhersla var lögð á í samgönguáætlun Fjórðungssambandsins, auk nýrra verkefna sem hafa verið sett inn í áætlunina.

Stefna vestfirskra sveitarstjórna kemur fram í stefnumótun í samgöngumálum sem samþykkt var á Fjórðungspingi 1997 og endurskoðuð á árinu 2004. Í þeirri stefnumótun er unnið með fjögur skilgreind samgöngusvæði þ.e. Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Reykhólahrepp og Vestur - Barðastrandasýslu. Sett voru þrjú meginatriði fram í eftirfarandi tímaröð:

1. Vegagerð milli þéttbýlisstaða, flugvalla og ferjubryggja innan hvers samgöngusvæðis.
2. Tenging samgöngusvæða við þjóðvegakerfi landsins með uppbyggingu Vestfjarðavegar milli Flókalundar og Bjarkalundar og Djúpvegar í Ísafjarðardjúpi.
3. Tenging milli samgöngusvæða, með vegi um Arnkötludal og jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnafjarðar og jarðgöngum áfram undir Dynjandisheiði.

Staða framangreindra verkefna í lok áætlunartímabilsins samkvæmt samgönguáætlun 2007-2018 verður sem hér segir;

1. Lokið er við framkvæmdir á vegi með bundnu slitlagi til Drangness fyrir 2014 en sést fyrir enda á framkvæmdum vegar að flugvelli í Patreksfirði.
2. Lokið verður framkvæmdum í Ísafjarðardjúpi með áætluðu verklokum 2010. Ekki er ljóst hvort lokið er framkvæmdum við Vestfjarðaveg annarsvegar, frá Vattarfirði og að Þingmannaá í Vatnsfirði og hinsvegar þverun Þorskafjörðar.
3. Lokið er gerð vegar um Arnkötludal, með verklokum 2008/2009. Lokið er framkvæmd við jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar árið 2014 en ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi göngum um Dynjandisheiði.

Óshlíðargöng koma inn sem nýtt verkefni miðað við samgönguáætlun Fjórðungssambandsins og eru áætluð verklok þar árið 2010.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að ekki sé hægt að una við að staða framkvæmda verði sem að framan greinir. Fjórðungssambandið vísar til áherslna Alþingis sem samþykktar eru í Byggðaáætlun 2006-2008;

- a. *Að landshlutakjarnar verði efldir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.*
- b. *Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.*
- c. *Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.*

Sérstök áhersla verði lögð á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, bættar samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands og annarra mikilvægra atvinnu- og þjónustumiðstöðva á landsbyggðinni “

Einnig ber að vísa til niðurstöðu skýrslu verkefnisstjórnar um Byggðaáætlun 2006 - 2008 fyrir Vestfirði og gerð Vaxtarsamnings fyrir Vestfirði frá í febrúar 2005 þar sem segir:

Vestfirðir eiga sér mikla möguleika til vaxtar og þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum og tækifærum sem fyrir hendi eru á svæðinu, sem og þeim áherslum og tillögum sem hér eru kynntar. Það er jafnframt mat og framtíðarsýn verkefnisstjórnar að fyrir árið 2020 verði íbúatala svæðisins um 8300 í fjölskylduvænu samfélagi sem verður

eftirsótt vegna atvinnutækifæra, góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma, sembyggist á fjölbreyttu, framþróuðu, sérhæfðu og samkeppnishæfu atvinnulífi. Gert er ráð fyrir að íbúum svæðisins fjölgi árlega að meðaltali um a.m.k. 40 eða 0,5%. Tillögur um aðgerðir skiptast í þrjú flokka : 1. Uppbygging byggðakjarna fyrir Vestfirði, 2. Tillögur um vaxtarsamning, 3. Aðrar tillögur.

Líta verður á framangreind markmið og aðgerðir sem sameiginlega niðurstöðu stjórnvalda annarsvegar og sveitarfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum hinsvegar, í að bregðast við neikvæðri þróun byggðar og atvinnulífs.

Samgönguáætlun er ætlað að taka tillit til byggðapróunar og samgöngumál eru lykilþáttur til að hafa áhrif hér á. Því er það lífsspursmál fyrir samgöngusvæði Vestfjarða og fyrir Ísafjörð sem landshlutakjarna, að hraða verði framkvæmdum við tengingu þjónustusvæða við byggðakjarna og tengingu við önnur svæði landsins. Fjórðungssambandið leggur því þunga áherslu á að Alþingi tryggi fjármagn til verkefna samkvæmt áherslum sambandsins. Gerð er sú krafa að þessum verkefnum verði hraðað miðað við framlagða áætlum og lokið á næstu 4 til 6 árum eða í síðasta lagi árið 2012. Nýttir verði fjármunir jafnt af samgönguáætlun, af sölu Símans og sem sérstök fjárveiting.

Ísafirði 4. mars 2007

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson
framkvæmdastjóri